

Reglur um Tjarnarsal

1. grein Útleiga

Salurinn er leigður út til veislu, funda-og ráðstefnuhalda. Sveitarfélagið hefur forgang á notkun salarins. Í upphafi skólárs eru skráðir niður þeir dagar sem skólinn hyggst nota fyrir starfsemi sína.

2. grein Stærð salar

Borð, stólar og borðbúnaður fyrir 140 manns fylgja salnum. Einnig veisluborð (langborð). Ef óskað er eftir því að fjölga borðum, stólum og borðbúnaði, þarf að panta það sérstaklega á skrifstofu bæjarins með viku fyrirvara. Salurinn tekur að hámarki 180 manns í sæti.

3. grein Hið leigða

Salurinn er leigður ásamt veitingum frá Söluvitanum ehf. eða með umsjónarmanni. Umsjónarmaður opnar salinn og hefur umsjón með húsnæðinu á meðan viðburði stendur, sér um ræstingu og lokar að viðburði loknum. Leigutaki greiðir laun umsjónarmanns skv. gjaldskrá.

Leigutaki hefur afnot af fullkomnu veislueldhúsi, hljóðkerfi, skjávarpa, ásamt 3ja metra breiðu tjaldi. Möguleiki er á að fá afnot af flygli samkvæmt sérstöku samkomulagi og gjaldi.

5. grein Gjaldflokkar

Gjaldflokkar fyrir salinn eru eftirfarandi:

- Stærri viðburðir, svo sem dansleikur
- Veisla
 - Umsjónarmaður að lágmarki 4 tímar.
- Fundur ½ dagur
 - Umsjónarmaður að lágmarki 2 tímar.
- Fundur heill dagur.
 - Umsjónarmaður að lágmarki 2 tímar.

Afhending salar getur farið fram degi fyrir leigudag ef hann er ekki í útleigu. Sjá nánar um gjöld í gjaldskrá sveitarfélagsins.

6. grein Skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi

Við útleigu á sal til árshátíða og veisluhalda sem standa yfir lengur en til 23:30 er gerð krafa um tvo dyraverði og þriðja til vara, sem lögregluembættið samþykkir, einnig skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi (ef veita á vín). Leigutaki ræður að lágmarki, tvo starfsmenn, til afgeiðslu við vínveitingar sem leigusali samþykkir. Launakostnaður og annar kostnaður sem fylgir ráðningu dyravarða og annars starfsfólks er greitt af leigutaka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði þessu þegar um einkasamkvæmi er að ræða.

7. grein

Umengi og skil á salnum

Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu. Við afhendingu salar eru stólar og borð uppsett fyrir 140 manns og eldhús- og borðbúnaður aðgengilegur. Við skil á salnum skal þurrka af borðum og stólum sem notuð eru. Eldhús skal þrifa og þvo upp og ganga frá öllum eldhús-og borðbúnaði á sinn stað. Gólf í eldhúsi og anddyri skal sópa og grófhreinsa gólf í sal, þ.e. tína upp rusl, matarleifar og þess háttar. Ekki skal skúra gólf né þrifa salerni. Hreinsa skal rusl utandyra.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 2. október 2007.